

**Ársskýrsla  
Borðtennissambands  
Íslands**



**1992 - 1993**

21. ársþing Borðtennissambands Íslands var haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 17.maí 1992. Nokkrar umræður voru um þær breytingar á keppnisreglum sem lágu fyrir, en störf þingsins mótuðust af hugsanlegu mótframboði í formannssæti og til stjórnar. Þingforseti var Stefán Konráðsson, en þingritari Jóhannes Hauksson.

Skipting stjórnar:

Gunnar Jóhannsson formaður  
Tómas Guðjónsson varaformaður  
Árni Siemsen gjaldkeri  
Hrafnhildur Sigurðardóttir ritari  
Halldór Haralz meðstjórnandi

Varastjórn:

Albrecht Ehmman  
Ásta Urbancic  
Hjálmtýr Hafsteinsson

Borðtennisdómstóll:

Magnús Norðdahl  
Garðar Briem  
Tómas Jónsson

Varamenn:

Pálmar Ólason  
Pétur Ingimundarson  
Jóhann Örn Sigurjónsson

Endurskoðendur:

Sigurður Hall  
Alexander Árnason

Stjórnin hélt 20 bókaða fundi á árinu auk funda með formönnum deilda og annarra óformlega funda um borðtennismálefni. Tómas Guðjónsson sagði sig úr stjórn í október vegna ágreinings um stefnu í landsliðsmálum og tók Halldór Haralz þá við sem varaformaður, en Albrecht Ehmman kom inn í aðalstjórn. Hjálmtýr Hafsteinsson dvaldist erlendis frá áramótum og hætti því þátttöku í stjórnarstörfum. Mestur tími stjórnar fór í móta- og landsliðsmál og verða þeim gerð skil síðar í skýrslunni.

Stjórnin skipaði í eftirtaldar nefndir:

Landsliðsnefnd:

Gunnar Finnbjörnsson formaður  
Tómas Guðjónsson  
Pétur Stephensen

Tómas sagði sig úr nefndinni.

Fræðslunefnd:

Albrecht Ehmman

Mótanefnd:

Hjálmtyr Hafsteinsson

Hjálmtyr dvaldist erlendis frá áramótum vegna starfs síns, en hann hafði þá þegar skipulagt mótahald vetrarins. Stjórn tók þá við mótamálum og sá um framkvæmd þeirra móta sem mótanefnd sér að öllu jöfnu um.

Að vanda voru send lið til keppni á Breska skólamótið í borðtennis. Mótið var að þessu sinni haldið í Cardiff í Wales 3.-5. júlí. Fyrir mótið dvaldi hópur 16 leikmanna ásamt þjálfurum í Largs í Skotlandi og æfði undir stjórn Brian Wright. Árangurinn á mótinu var í heild mjög góður, þó svo að liðin hafi unnið mismarga leiki. Ingólfur Ingólfsson náði þeim frábæra árangri að sigra í huggunarkeppninni í sínum aldursflokki, en mótherji hans úr 1.umferð aðalkeppninnar sigraði á mótinu. Aðrir leikmenn stóðu sig einnig vel. Aðalþjálfari í ferðinni var Kristján Viðar Haraldsson en aðrir þjálfarar/liðsstjórar voru Sigurbjörn Sigfússon, Hrefna Halldórsdóttir og Aðalbjörg Björgvinsdóttir. Öll stóðu þau sig mjög vel. Fararstjóri var Gunnar Jóhannsson.

Evrópumeistaramót unglunga fór fram í Tékkóslóvakíu 10.-19. júlí. Aðalbjörg Björgvinsdóttir og Eva Josteinsdóttir kepptu á mótinu. Alls léku stúlkurnar 8 leiki og því miður töpuðust þeir allir, þrátt fyrir ágætis framistöðu. Kjartan Briem var þjálfari og fararstjóri á mótinu.

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Dalvík 10.-12. júlí og var borðtennis meðal keppnisgreina. Keppni var opin fyrir unglunga 16 ára og yngri og voru þátttakendur mjög margir víðsvegar að af landinu. HSP átti flesta sigurvegara á mótinu.

Stjórinn samþykkti keppnisleyfi fyrir Peter Nilsson frá Svíþjóð, en hann þjálfaði og keppti með KR á tímabilinu. Þá ákvað stjórnin að keppnisleyfi Hu Dao Ben væri enn í gildi. Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfesti síðar keppnisleyfi.

Stjónin réð Hjálmar Aðalsteinsson sem landsliðsþjálfara í október og skyldi hann sjá um undirbúning landsliðanna fyrir keppnir vetrarins. Hjálmar vann náið með landsliðsnefnd og stjórn varðandi undirbúning keppnisferða. Hu Dao Ben og Peter Nilsson tóku virkan þátt í æfingum landsliðs, bæði sem skipuleggjendur æfinga og þátttakendur í séræfingum.

Víkingur tók þátt í Evrópukeppni félagsliða, ETTU Nancy Evans Cup, og voru mótherjarnir Waldegg frá Austurríki. Íslenskt lið hefur ekki tekið þátt í Evrópukeppni í allmörg ár og því var þátttaka Víkings mjög ánægjuleg. Waldegg sigraði í leiknum sem fram fór í TBR-húsinu 4-0. Lið þeirra var mjög sterkt, en besti maður liðsins er Stefan Kovacs besti landsliðsmaður Slóveníu.

Íþróttáþing var haldið í Ráðhúsinu í Reykjavík 23. og 24. október. Árni Siemsen sat þingið fyrir BTÍ. Ellert B. Schram var kosinn forseti Íþróttasambands Íslands til tveggja ára. Eitt veigamesta mál þingsins var samþykkt afreksmannastefnu ÍSÍ.

Nýbygging ÍSÍ í Laugardal, hús 4, var formlega tekin í notkun 23. október. BTÍ fékk nýja skrifstofu í húsinu á 4.hæð og er hún rúmgóð og nýtist sambandinu mjög vel. Nokkur kostnaður var við að flytja í nýju skrifstofuna þar sem kaupa þurfti húsgögn inn í hana.

Þing NBTU var haldið samhliða Norðurlandamótinu sem fram fór í Brönderslev á Jótlandi 23.-25. október. Nokkrar umræður urðu um samstarf Norðurlandanna og ákveðið var að efla það enn frekar. Kjartan Briem var eini íslenski keppandinn á mótinu og tapaði hann í 1.umferð fyrir leikmanni frá Noregi eftir harðan og spennandi leik. Dómarafélagið þekktist boð um að senda dómara á mótið og voru það þeir Albrecht Ehmann og Ragnar Ragnarsson sem fóru á mótið.

Borðtennissambandið varð 20 ára hinn 12. nóvember. Í tilefni af afmælinu var haldinn hátíðarfundur og á hann boðið forystumönnum ÍSÍ og Ólympíunefndar Íslands og einnig fyrrverandi formönnum BTÍ og ýmsum öðrum gestum úr hreyfingunni. Á fundinum voru eftirtaldir aðilar sæmdir silfurmerki BTÍ: Ellert B. Schram forseti ÍSÍ, Gísli Halldórsson formaður ÓÍ, Friðjón B. Friðjónsson gjaldkeri ÍSÍ, Sigurður Magnússon, framkvæmdastjóri ÍSÍ, Stefán Konráðsson aðst. framkvæmdastjóri ÍSÍ, Albrecht Ehmann, Gunnar Finnbjörnsson, Hilmar Konráðsson, Hjálmar Aðalsteinsson og Hjálmtýr Hafsteinsson. Þá var Sveinn Áki Lúðvíksson fyrsti formaður BTÍ sæmdur gullmerki ÍSÍ.

Í tilefni af afmælinu hélt BTÍ mót með þátttöku 12 bestu borðtennismanna og 6 bestu borðtenniskvenna landsins, TOP-SPIN mótið í KR-húsinu. Tómas Guðjónsson sigraði í karlaflokki og Aðalbjörg Björgvinsdóttir í kvennaflokki.

Að vanda hélt ÍSÍ kvöldverðarboð fyrir íþróttamenn ársins í hinum ýmsu greinum, en Kristján Jónasson var kjörinn borðtennismaður ársins 1992.

Í samvinnu við Kjartan Briem sendi stjórnin þá Sigurð Jónsson og Ingólf Ingólfsson til Kaupmannahafnar til æfinga í eina viku í janúar. Ferðin var árangursrík og æfðu drengirnir og með kepptu á hverjum degi, bæði með danska unglingslandsliðinu svo og félagsliðum.

Boðsmót BTÍ var haldið í febrúar eins og undanfarin ár. Að þessu sinni var Landsbanki Íslands aðalstuðningsaðili mótsins. Erlendir keppendur á mótinu voru Desmond Douglas frá Englandi og Goran Vraná frá Svíþjóð. Douglas sigraði á mótinu. Mótið er eini góði tekjumöguleiki sambandsins og því mikilvægt að staðið sé vel að því. Auglýsingjatekjur mótsins eru það miklar að sambandið gæti ekki sinnt skyldum sínum ef þær bryggðust.

## MÓTAMÁL:

Hjálmtýr Hafsteinsson tók að sér skipulag mótamála sambandsins og sá um þau þar til hann fór af landinu um áramót. Eins og undanfarin ár var það Víkingur sem hélt flest punktamótin og var framkvæmd þeirra jafnan góð. Önnur félög héldu fá mót og er nauðsyn að þar verði breyting á. Aðalbjörg Björgvinsdóttir og Peter Nilsson urðu punktahæst leikmanna á tímabilinu.

Íslandsmót unglunga og Old boys var haldið í Laugardalshöll 27. og 28. mars. Borðtennisdeild KR sá um framkvæmd mótsins sem tókst mjög vel. Verðlaun dreifðust milli fleirri félaga en áður, en þátttaka var minni en undanfarin ár.

Íslandsmótið var haldið 8. og 10. apríl í TBR-húsinu. Borðtennisdeild Víkinga sá um framkvæmdina og tókst hún mjög vel. Þeir Víkingar tóku upp nokkrar nýjungar, sérstaklega varðandi verðlaunaafhendingar, en sigurvegarar fengu ávalt blóm frá Víking. Þessi nýjung féll í góðan jarðveg hjá öllum aðilum. Íslandsmeistarar í einliðaleik urðu þau Kjartan Briem og Aðalbjörg Björgvinsdóttir. Aðalbjörg varð þrefaldur Íslandsmeistari á mótinu.

Flokkakeppnin var haldin í Laugardalshöll á einni helgi fyrir jóla og á einni helgi eftir jóla, eins og jafnan. Þátttaka var minni en oft áður í öllum flokkum nema hjá konunum. Það er að sjálfsgöðu mjög jákvætt, en þátttaka verður að aukast og fjöldi félaga sem á lið í keppni einnig. Stjarnan sigraði í 2. deild karla og leikur í 1. deild að ári, en Víkingur sigraði í kvennaflokki, unglungaflokki og stúlknaflokki.

Keppni í 1. deild karla var spennandi eins og undanfarin ár, þó svo að KR-ingar bæru sigur úr bitum. KR-ingar hafa unnið 1. deildina 19 ár í röð. Úrslit úr flokkakeppninni eru aftar í skýrslunni.

Þáttökulið í bikarkeppni BTÍ voru 10 og hafa aldrei verið fleiri. KR-ingar sigruðu Víking í hörkuspennandi úrslitaleik 4-3.

Af þessari upptalningu sést að mót hafa verið mörg og keppnir margvíslegar, en fleiri félög verða að halda mót til að auka fjölbreyttina í mótahaldi.

### **LANDSLIÐSMÁL:**

Eins og fyrr greinir var Hjálmar Aðalsteinsson ráðinn landsliðsþjálfari. Hjálmar hóf þegar undirbúning fyrir verkefni vetrarins og það fyrsta var keppnisferð til Færeyja.

Þrjú lið, A-landslíð, unglingalið og yngra unglingalið fóru í keppnisferð til Færeyja. Leikið var í Þórshöfn 23. nóvember. Unglingaliðin unnu bæði sinn leik nokkuð auðveldlega, en A-liðið mátti þola tap fyrir Færeyingunum. Slíkt hefur ekki gerst í fjöldamörg ár. Leikmennirnir stóðu sig vel í heild, sem sést best á því að sigur vannst í nánast öllum flokkum á opna mótinu sem haldið var með þátttöku landsliðsfólks beggja þjóðanna. Hjálmar Aðalsteinsson og Hu Dao Ben voru þjálfarar í ferðinni. Ásta Urbancic náði þeim merka áfanga í ferðinni að leika sinn 50 landsleik.

Evrópukeppni landsliða 3. deild var haldin á Guernsey 6.-7. mars. Kjartan Briem, Kristján Jónasson og Aðalbjörg Björgvinsdóttir voru keppendur, Hjálmar Aðalsteinsson þjálfari og fararstjóri var Halldór Haralz. Liðið náði frábærum árangri og lenti í öðru sæti á eftir Kypur, en ekki munaði nema hársbreidd að liði okkar tækist að sigra. Sigur vannst á liði Möltu, Guernsey og Liechtenstein. Kjartan Briem lék sinn 50 landsleik í keppninni.

Alþjóðskólaíþróttasambandið, ISF, skipulagði og gekkst fyrir fyrsta Heimsmóti skóla í borðtennis í Birmingham um páskana. Vegna góðra perónulegra sambanda okkar við skipuleggjendur mótsins var okkur boðið að senda lið á mótið og var það boð þegið. Ingólfur Ingólfsson og Guðmundur Stephensen voru valdir til þátttöku. Hjálmar Aðalsteinsson var þjálfari/fararstjóri. Árangur drengjanna var frábær, þeir sigruðu í 3 leikjum af 8 og lentu í 9 sæti á mótinu. Í einstaklingskeppninni munaði sáralitlu að þeim tækist báðum að komast í 16 manna úrslit. Eftir þennan góða árangur er ekki annað hægt en að vera bjartsýnn á framtíðina.

Heimsmeistaramótið var haldið í Gautaborg 11.-23. maí. Þetta er í 42. sinn sem Heimsmeistaramótið er haldið og í 7 sinn sem við eigum lið á mótinu. Bæði karla og kvennalið voru send á mótið og varð árangur lakari en vonast hafði verið til. Karlaliðið sigraði aðeins í einum leik, gegn Guatemala, en konurnar unnu ekki leik. Þær fengu hinsvegar dæmdan sigur í þremur leikjum þar sem mótherjar mættu ekki og kemur það kvennaliðinu í 55 sæti á mótinu. Karlaliðið hafnaði í 75 sæti af 82 þátttökupjóðum. Leikmenn stóðu sig allir vel þrátt fyrir lokaniðurstöðuna og þjálfararnir Hjálmar Aðalsteinsson og Hu Dao Ben stóðu sig einnig mjög vel. Albrecht Ehmann og Árni Siensen voru dómamarar á mótinu og dæmdu þeir marga langa og erfiða leik og fórst þeim það verk mjög vel úr hendi. Fararstjóri var Gunnar Jóhannsson. Aðalbjörg Björgvinsdóttir léi sinn 25 landsleik á mótinu og fékk hún afhent gullúr frá **MEBA** í Kringlunni í tilefni af áfanganum.

#### **Lokaorð:**

Í skýrslu þessari er dregið á helstu mál og málaflokka sem stjórn BTÍ fjallaði um og afgangi á síðasta starfsári. Verkefni voru mörg, erfiðleikar oft miklir en með samstilltu fólki og mikilli vinnu tókst að leiða flest mál til lykta á farsælan hátt. Samstarfsfólki öllu þökkum við gott samstarf, þó sérstaklega forsvarsmönnum borðtennisdeilda og starfsfólki skrifstofu ÍSÍ.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. 12. 1992

EIGNIR:

1. Handbært fé:			
Sjóður	501,22		
Bankabók LÍ	4.833,16		
Gjaldeyrir. ÍB	11.697,50	= Kr.	17.031,88
2. Kröfur og birgðir:			
Inneign hjá Lottó	119.349,--		
Krafa á SKH	330.293,--		
Öinnheimt:			
v/Flokkakeppni	31.200,--		
v/Viðskipta	5.250,--	= Kr.	486.092,--
Inneign hjá ÍSÍ:	81.826,54		
+ Leiðrétting	30.805,--	= Kr.	112.631,54
3. Áhöld og tæki:			
Tölva ofl.	32.882,--		
Videóvél	26.197,--		
Ritvél	4.380,--		
Net	1.687,10		
Flettitöflur	8.206,60	= Kr.	73.352,70
		Kr.	689.108,12

SKULDIR:

1. Skammtímaskuldir:			
a) ÍBR v/húsaleigu	174.195,50		
b) Gunnar Jóhanns.	18.316,--		
c) Ött. EUROCARD	459.991,--		
d) Ýmsir reikningar	81.020,90		
e) Btd. Víkings	160.894,--	= Kr.	894.417,40
2. Yfirdráttur á tékkareikningi:			
Skv. bankayfirliti 31.12.1992		= Kr.	215.353,77
3. Langtímaskuldir:			
Skuldabréf (SKH)	350.000,--		
Skuldabr.-est.	291.666,60	= Kr.	641.666,60
		Kr.	1.751.437,77
4. Eigið fé:			
Höfuðstóll 1.1. 1992	(1.121.881,80)		
+ Hagnaður 1992	59.552,15	= Kr.	(1.062.329,65)
		Kr.	689.108,12

Reykjavík, 8.5.1993

Arni Siemsen, gjaldkeri.

reituning fyrir B.T.Þ.

fundid allur þess.

Reykjavík 9/5 1993

Framanséðan, þakkað og efnað þess  
þess eiginu skota og eldri

Sigurður Hall

BORÐTENNISAMBAND ÍSLANDS

REKSTURSREIKNINGUR 1.1. - 31. 12. 1992  
=====

TEKJUR:

1. Tekjur af mótum:			
Flokkak./Íslandsmót	119.500,--		
Punktamót	<u>52.600,--</u>	= Kr.	172.100,--
2. Auglýsingar v/móta:			
EL/Flugleiðamót		= Kr.	1.110.640,--
3. Styrkir:			
Frá Íþróttasamtökunum:			
a) Útbreiðslust.ÍSÍ	823.394,--		
b) Lottó	1.719.228,--		
c) Norr.menn.málasj.	43.358,--		
d) Húsal.st. frá ÍBR	<u>219.010,--</u>	= Kr.	2.804.990,--
Styrkir frá öðrum:			
a) Söfnun v/EM-Stg.	96.072,--		
b) Söfnun v/Engl-ungl.	865.000,--		
c) Söfnun v/EM-ungl.	112.000,--		
d) Söfnun v/Færeyjar	80.000,--		
e) ETTU v/EL	<u>275.163,--</u>	= Kr.	1.428.235,--
4. Aðrar tekjur:			
Borðasala	74.254,--		
Vaxtatekjur	1.795,69		
Gengishagn.	2.650,36		
Endurgr. v/EL ofl.	<u>61.755,30</u>	= Kr.	140.455,35
			Kr. 5.656.420,35
			=====

TEKJUR: 5.656.420,35

GJÖLD: 5.596.868,20

Hagn: 59.552,15  
=====



BORÐTENNISAMBAND ÍSLANDS

REKSTURSREIKNINGUR 1.1. - 31. 12. 1992

GJÖLD:

1. Kennsla og þjálfun:			
Þjálfarakostnaður	578.250,--		
Húsaleiga v/æfinga	<u>172.800,--</u>	= Kr.	751.050,--
2. Íþróttaleg viðskipti:			
Ferðakostnaður erlendis:			
a) EM-Stuttgart	590.165,80		
b) Engl.-ungl.	1.109.322,--		
c) EM-unglinga	173.913,--		
d) NM-Brönderslev	60.733,90		
e) Færeyjaferð	<u>199.518,--</u>	= Kr.	2.133.652,70
3. Ferðakostnaður innanlands:			
Fræðslunefnd		= Kr.	183.303,--
4. Ferðakostnaður dómara:			
EM + NM		= Kr.	120.119,80
5. Mótakostnaður:			
EL/Flugleiðamót	1.325.224,--		
Húsal.v/Ísl.móta	47.140,--		
Verðl.pen./Ísl.mót	<u>45.240,--</u>	= Kr.	1.417.604,--
6. Erlendar heimsóknir:			
Heims. v/EL		= Kr.	79.753,--
7. Annar kostnaður:			
Farandbikarar	17.520,--		
Búningar	<u>69.047,--</u>	= Kr.	86.567,--
8. Stjórnunarkostnaður:			
Húsaleiga BTÍ-herb.	94.256,--		
Póstur/sími/fax	55.639,--		
Ljósrr./prentun/ritföng	38.341,--		
Fundarkostn./risna	92.848,--		
Gjafir	27.733,--		
Kaup húsgagna	<u>91.105,--</u>	= Kr.	399.922,--
Annar stjórnarkostnaður:			
Ársgjöld ITTF/ETTU	34.705,--		
Fánar/merki/lyklak.	77.941,--		
Tryggingar	7.989,--		
Akstur/ýmislegt	<u>13.875,--</u>	= Kr.	134.510,--
Vextir/bankakostnaður:		= Kr.	225.654,70
9. Afskriftir:			
Af tækjum og áhöldum	64.732,--	= Kr.	64.732,--
			<u>Kr. 5.596.868,20</u>
			=====

# BORÐTENNISDÓMARAFÉLAG ÍSLANDS (BDFÍ)

Aðalfundur 4. júní 1993

## Ársskýrsla

### Inngangur

Á aðalfundi BDFÍ 13. maí 1992 voru eftirtaldir kosnir í stjórn Ragnar Ragnarsson formaður, Albrecht Ehmann og Árni Siemsen.

Á árinu voru haldnir nokkrir fundir þar sem fjallað var um hefðbundin málefni og þau afgreidd. Eitt fyrsta verkefni vetrarins var fyrirhugað dómara námskeið sem fór forgörðum eins og nánar verður vikið að á eftir. Önnur helstu verkefni vetrarins innanlands voru skipulagning dómgæslu í flokkakeppnum og punktamótum. Ekki komu upp nein sérstök vandamál. Ræddar voru nokkrar tillögur um breytingar á keppnisreglum BTÍ og verða þær ræddar á aðalfundi BTÍ. Helstu verkefni erlendis á árinu voru dómgæsla tveggja dómara á Norðurlandameistaramóti í Brønderslev í Danmörku og tveggja dómara á Heimsmeistaramóti í Gautaborg í Svíþjóð.

### Dómara námskeið

Á Evrópumeistaramóti landsliða sem haldið var hér á landi í febrúar 1992 kom í ljós að ekki voru til á vegum BDFÍ nógu margir landsdómarar. Stjórn BDFÍ ákvað því að haldið yrði um haustið eftir eða næsta vetur á eftir dómara námskeið með það fyrir augum að útskrifa fleiri landsdómara.

Stjórn BDFÍ tók þetta mál fyrir strax og hún hóf störf um haustið 1992. Ákveðið var að halda dómara námskeið sem gæfi landsdómara réttindi að loknu prófi. Leiðbeinendur á námskeiðinu skyldu vera núverandi fjórir alþjóðlegir dómarar, Albrecht Ehmann, Árni Siemsen, Gunnar Jóhannsson og Ragnar Ragnarsson.

Námskeiðið var undirbúið miðað við að það yrði haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fimmtudagskvöldið 29. október og laugardaginn 31. Október 1992. Bréf var sent til allra borðtennisdeilda íþróttafélaga og héraðssambanda í landinu og félögin hvött til að senda menn á námskeiðið.

Því miður barst engin þátttökutilkynning og varð því ekkert úr námskeiðinu. Stjórn BDFÍ ákvað að bíða til næsta vetrar með að ákveða hvenær og með hvaða hætti rétt væri að halda dómaramóti.

### Norðurlandameistaramót 1992

Danska borðtennissambandið sendi Borðtennissambandi Íslands bréf, dags. 19 ágúst 1992, þar sem það bauð tveimur alþjóðlegum íslenskum dómurum að taka þátt í dómgæslu á Norðurlandameistaramóti í Brønderslev á Jótlandi dagana 23.-25. október 1992. Stjórn BDFÍ ákvað að senda Albrecht Ehmann og Ragnar Ragnarsson á mótið. Verkefni á mótinu voru stöðug frá upphafi móts til enda.

Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskum dómurum er boðin þáttaka í dómgæslu á Norðurlandamóti.


Á mótinu var Gunnar Jóhannsson formaður BTÍ og sat hann fyrir Íslands hönd sameiginlega stjórnarfundum borðtennissambanda Norðurlandanna, sem haldnir voru meðan á mótinu stóð.

Ísland sendi ekki keppendur frá Íslandi á mótið. Aftur á móti tók Kjartan Briem, sem er við verkfræðinám í Kaupmannahöfn, þátt í einstaklingskeppni.

### Heimsmeistaramót 1993

Sænska borðtennissambandið sendi Borðtennissambandi Íslands bréf, dags. 23. september 1992, þar sem það bauð tveimur alþjóðlegum íslenskum dómurum að taka þátt í dómgæslu á heimsmeistaramóti nr. 42 í Gautaborg 11.-23. maí 1993. Stjórn BDFÍ ákvað að senda Albrecht Ehmann og Árna Símsen á mótið. Þar sem þessu móti er nýlokið hefur Albrecht og Árna ekki gefist tími til að segja frá dómgæslu á mótinu.

Virðingarfyllst,

  
Ragnar Ragnarsson  
formaður BDFÍ

## ÚRSLIT Á ÍSLANDSMÓTINU Í BORDTENNIS 1993

### Meistaraflokkur karla:

- |       |                      |        |
|-------|----------------------|--------|
| 1.    | Kjartan Briem        | KR     |
| 2.    | Gunnar Finnbjörnsson | Örninn |
| 3.-4. | Tómas Guðjónsson     | KR     |
|       | Bjarni Bjarnason     | Víking |

### Meistaraflokkur kvenna:

- |       |                           |        |
|-------|---------------------------|--------|
| 1.    | Aðalbjörg Björgvinsdóttir | Víking |
| 2.    | Ingibjörg Árnadóttir      | Víking |
| 3.-4. | Ásdis Kristjánsdóttir     | Víking |
|       | Lilja Jóhannesdóttir      | Víking |

### 1. flokkur karla:

- |       |                    |          |
|-------|--------------------|----------|
| 1     | Björn Jónsson      | Víking   |
| 2.    | Ólafur Rafnsson    | Víking   |
| 3.-4. | Ólafur Stephensen  | Víking   |
|       | Pétur Kristjánsson | Stjarnan |

### 1. flokkur kvenna:

- |       |                            |        |
|-------|----------------------------|--------|
| 1.    | Lilja Jóhannesdóttir       | Víking |
| 2.    | Berglind Sigurjónsdóttir   | KR     |
| 3.-4. | Auður Þorláksdóttir        | KR     |
|       | Hrafnhildur Sigurðardóttir | Víking |

### 2. flokkur karla:

- |       |                   |          |
|-------|-------------------|----------|
| 1.    | Andrés Jónsson    | KR       |
| 2.    | Flóki Ingvarsson  | Víking   |
| 3.-4. | Smári Einarsson   | Víking   |
|       | Arnþór Guðjónsson | Stjarnan |

### Tvíliðaleikur karla:

- |       |                       |        |
|-------|-----------------------|--------|
| 1.    | Hjálmtýr Hafsteinsson | KR     |
|       | Tómas Guðjónsson      |        |
| 2.    | Kjartan Briem         | KR     |
|       | Jóhannes Hauksson     |        |
| 3.-4. | Bjarni Bjarnason      | Víking |
|       | Björn Jónsson         |        |
|       | Ólafur Stephensen     | Víking |
|       | Ólafur Eggertsson     |        |

**Tvíliðaleikur kvenna:**

- |       |  |        |
|-------|--|--------|
| 1.    | Aðalbjörg Björgvinsdóttir<br>Hrefna Halldórsdóttir | Víking |
| 2.    | Ingibjörg Árnadóttir<br>Lilja Jóhannesdóttir       | Víking |
| 3.-4. | Ásdís Kristjánsdóttir<br>Líney Árnadóttir          | Víking |
|       | Edda Sigvaldadóttir<br>Anna Þorgrímsdóttir         | Víking |

**Tvenndarkeppni:**

- |       |  |                  |
|-------|--|------------------|
| 1.    | Kjartan Briem<br>Aðalbjörg Björgvinsdóttir | KR<br>Víking     |
| 2.    | Kristján Jónasson<br>Ingibjörg Árnadóttir  | Víking<br>HSK    |
| 3.-4. | Ólafur Eggertsson<br>Lilja Jóhannesdóttir  | Víking<br>Viking |
|       | Tómas Guðjónsson<br>Elín Eva Grímsdóttir   | KR               |

**Öldungar****Einliðaleikur 40-49 ára:**

- |    |                    |        |
|----|--------------------|--------|
| 1. | Ólafur H. Ólafsson | Örninn |
| 2. | Pétur Stephensen   | Víking |
| 3. | Gunnar Hall        | Örninn |

**Einliðaleikur 50 ára og eldri:**

- |    |                         |        |
|----|-------------------------|--------|
| 1. | Emil Pálsson            | Víking |
| 2. | Jóhann Örn Sigurjónsson | Örninn |
| 3. | Þórður Þorvarðarson     | Örninn |

**Tvíliðaleikur:**

- |    |  |                  |
|----|--|------------------|
| 1. | Ólafur H. Ólafsson<br>Gunnar Hall      | Örninn           |
| 2. | Emil Pálsson<br>Ragnar Ragnarsson      | Víking<br>Örninn |
| 3. | Pétur Stephensen<br>Sigurður Herlufsen | Víking           |

## Unglingar:

### Drengir (16-17 ára):

1. Ingólfur Ingólfsson Víking
2. Sigurður Jónsson Víking
3. Björn Jónsson Víking

### Sveinar (14-15 ára):

1. Einar Mímisson HSK
2. Þorvaldur Pálsson HSK
3. Magnús Guðmundsson HSK

### Piltar (12-13 ára):

1. Ingi Heimisson HSP
2. Ólafur Ragnarsson HSK
3. Markús Arnason Víking

### Hnokkar (yngri en 12 ára):

1. Guðmundur Stephensen Víking
2. Georg Hilmarsson HSK
3. Bóas Kristjánsson HSK

### Stúlkur (16-17 ára):

1. Margrét Hermannsdóttir HSP
2. Berglind Bergvinsdóttir HSP
3. Guðmunda Kristjánsdóttir Víking

### Meyjar (14-15 ára):

1. Ásdís Kristjánsdóttir Víking
2. Lilja Jóhannesdóttir Víking
3. Margrét Stefánsdóttir HSP

### Telpur (yngri en 13 ára):

1. Ingunn Þorsteinsdóttir HSP
2. Sandra Tómasdóttir HSP
3. María Jóhannesdóttir Víking

## Tvíliðaleikir

### Drengir (16-17 ára):

- |    |  |        |
|----|--|--------|
| 1. | Sigurður Jónsson<br>Guðmundur Stephensen | Víking |
| 2. | Ólafur Stephensen<br>Ólafur Eggertsson   | Víking |
| 3. | Björn Jónsson<br>Ingólfur Ingólfsson     | Víking |

### Sveinar (yngri en 15 ára):

- |    |  |     |
|----|--|-----|
| 1. | Þorvaldur Pálsson<br>Ingimar Ingimarsson | HSK |
| 2. | Guðni Sæland<br>Axel Sæland              | HSK |
| 3. | Ingi Heimisson<br>Ingólfur Jóhannsson    | HSP |

### Stúlkur:

- |    |  |        |
|----|--|--------|
| 1. | Margrét Hermannsdóttir<br>Hjördís Skírnisdóttir  | HSP    |
| 2. | Berglind Bergvinsdóttir<br>Margrét Stefánsdóttir | HSP    |
| 3. | Líney Árnadóttir<br>Ásdís Kristjánsdóttir        | Víking |

### Tvenndarkeppni:

- |    |   |               |
|----|---|---------------|
| 1. | Sigurður Jónsson<br>Guðmunda Kristjánsdóttir  | Víking        |
| 2. | Guðmundur Stephensen<br>Ásdís Kristjánsdóttir | Víking        |
| 3. | Ingólfur Ingólfsson<br>Margrét Hermannsdóttir | Víking<br>HSP |

Borðtennissamband Islands

Punktastaða 31/05/93

eistaraflokkur karla

Peter Nilsson	KR	240 pt.
Guðmundur Stephensen	Víkingur	73 pt.
Kristján Jónasson	Víkingur	73 pt.
Kristján Viðar Haraldsson	Víkingur	51 pt.
Pétur Stephensen	Víkingur	39 pt.
Bjarni Bjarnason	Víkingur	30 pt.
Gunnar Finnbjörnsson	Örninn	25 pt.
Ingólfur Ingólfsson	Víkingur	24 pt.
Sigurður Jónsson	Víkingur	23 pt.
Tómas Óskar Guðjónsson	KR	22 pt.
Sigurbjörn Sigfússon	Víkingur	21 pt.
Albrecht Ehmann	Stjarnan	15 pt.
Hjálmtýr Hafsteinsson	KR	15 pt.
Jóhannes Hauksson	KR	13 pt.
Ómar Hilmarsson	Víkingur	7 pt.
Ragnar Ragnarsson	Örninn	2 pt.
Ólafur Eggertsson	Víkingur	2 pt.
Björn Jónsson	Víkingur	0 pt.
Kjartan Briem	KR	0 pt.
Kristinn Már Emilsson	KR	0 pt.
Ársæll Aðalsteinsson	Víkingur	0 pt.

Borðtennissamband Islands

Punktastaða 31/05/93

.. flokkur karla

Ólafur Rafnsson	Víkingur	47 pt.
Emil Pálsson	Örninn	35 pt.
Vignir Kristmundsson	Örninn	30 pt.
Ólafur H. Ólafsson	Örninn	18 pt.
Pétur Kristjánsson	Stjarnan	16 pt.
Ólafur Stephensen	Víkingur	10 pt.
Jón Ingi Árnason	Víkingur	9 pt.
Sigurður Herlufsen	Víkingur	6 pt.
Davíð Smári Jóhannsson	Víkingur	5 pt.
Helgi Gunnarsson	Víkingur	5 pt.
Gunnar Valsson	Stjarnan	3 pt.
Guðmundur Mariússon	KR	3 pt.
Gunnar Birkisson	Örninn	2 pt.
Páll Kristinsson	KR	1 pt.



Borðtennissamband Íslands

Punktastaða 31/05/93

2. flokkur karla

Arnpór Guðjónsson	Stjarnan	17 pt.
Andrés Jónsson	KR	16 pt.
Flóki Ingvarsson	Víkingur	11 pt.
Smári Einarsson	Stjarnan	1 pt.

Borðtennissamband Íslands

Punktastaða 31/05/93

Meistaraflokkur kvenna

Aðalbjörg Björgvinsdóttir	Víkingur	47 pt.
Ingibjörg Arnadóttir	Víkingur	36 pt.
Ásta Urbancic	Örninn	6 pt.
Ásdís Kristjánsdóttir	Víkingur	3 pt.
Hrefna Halldórsdóttir	Víkingur	2 pt.
Elín Þorsteinsdóttir	HSP	0 pt.
Eva Jósteinsdóttir	Víkingur	0 pt.
Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir	Víkingur	0 pt.

Borðtennissamband Íslands

Punktastaða 31/05/93

1. flokkur kvenna

Lilja Jóhannesdóttir	Víkingur	9 pt.
Líney Arnadóttir	Víkingur	7 pt.
Berglind Sigurjónsdóttir	KR	2 pt.

# Ársskýrsla Borðtennissambands Íslands 1993

---

## LOKASTAÐAN Í 1.DEILD

KR	10	10	0	0	60:13	20
Víkingur A	10	7	0	3	52:23	14
Víkingur C	10	7	0	3	45:30	14
Örninn A	10	4	0	6	36:48	8
Víkingur B	10	1	1	8	21:56	3
Örninn B	10	0	1	9	15:59	1

## LOKASTAÐAN Í FLOKKAKEPPNI 1992 - 1993

### 2. deild karla

Stjarnan	6	6	0	0	36-6	12
Víkingur-D	6	4	0	2	28-17	8
Víkingur-E	6	2	0	4	16-25	4
Víkingur-F	6	0	0	6	4-36	0

### Konur

Víkingur-A	6	6	0	18-2	12
HSP-A	6	4	2	13-7	8
HSP-B	6	2	4	8-15	4
Víkingur-B	6	0	6	3-18	0

### Stúlkur

Víkingur-A	10	9	1	29-5	18
HSP-A	10	8	2	26-9	16
Víkingur-B	10	6	4	18-18	12
HSP-B	10	5	5	18-15	10
HSP-C	10	2	8	9-25	4
Víkingur-C	10	0	10	1-30	0

---

# Ársskýrsla Borðtennissambands Íslands 1993

## Drengir

### A-riðill

Víkingur-A	10	10	0	30-0	20
HSP	10	6	4	21-12	12
KR	10	6	4	20-15	12
Víkingur-F	10	4	6	12-21	8
Víkingur-D	10	3	7	10-22	6
Víkingur-G	10	0	10	1-30	0

### B-riðill

Víkingur-B	8	8	0	24-0	16
Víkingur-C	8	6	2	18-6	12
Víkingur-E	8	4	4	12-14	8
KR-B	8	1	7	5-21	2
KR-C	8	1	7	4-22	2

## ÚRSLITAKEPPNI:

### Undanúrslit:

Víkingur-A - Víkingur-C	3-0
HSP - Víkingur-B	0-3

### ÚRSLIT:

Víkingur-A - Víkingur-B	3-2
-------------------------	-----

## I. FLOKKUR KARLA

1973	Ólafur Þórsson	Ármanntí
1974	Ólafur Þórsson	Ólafur
1975	Ólafur Þórsson	Ólafur
1976	Ólafur Þórsson	Ólafur
1977	Ólafur Þórsson	Ólafur
1978	Ólafur Þórsson	Ólafur
1979	Ólafur Þórsson	Ólafur
1980	Ólafur Þórsson	Ólafur
1981	Ólafur Þórsson	Ólafur
1982	Ólafur Þórsson	Ólafur
1983	Ólafur Þórsson	Ólafur
1984	Ólafur Þórsson	Ólafur
1985	Ólafur Þórsson	Ólafur
1986	Ólafur Þórsson	Ólafur
1987	Ólafur Þórsson	Ólafur
1988	Ólafur Þórsson	Ólafur
1989	Ólafur Þórsson	Ólafur
1990	Ólafur Þórsson	Ólafur

MEISTARATAL FRÁ UPPHAFI KEPPNI Í HVERJUM FLOKKI.

MEISTARAFLOKKUR KARLA

1971	Björn Finnbjörnsson	Örninn
1972	Björn Finnbjörnsson	Örninn
1973	Hjálmar Aðalsteinsson	KR
1974	Ólafur H. Ólafsson	Örninn
1975	Ólafur H. Ólafsson	Örninn
1976	Gunnar Þór Finnbjörnsson	Örninn
1977	Gunnar Þór Finnbjörnsson	Örninn
1978	Tómas Guðjónsson	KR
1979	Tómas Guðjónsson	KR
1980	Tómas Guðjónsson	KR
1981	Tómas Guðjónsson	KR
1982	Stefán Konráðsson	Víking
1983	Tómas Guðjónsson	KR
1984	Tómas Guðjónsson	KR
1985	Tómas Guðjónsson	KR
1986	Tómas Guðjónsson	KR
1987	Tómas Guðjónsson	KR
1988	Kjartan Briem	KR
1989	Kjartan Briem	KR
1990	Kjartan Briem	KR
1991	Hjálmtýr Hafsteinsson	KR
1992	Kristján Jónasson	Víking
1993	Kjartan Briem	KR

1. FLOKKUR KARLA

1973	Magnús Jónsson	Ármani
1974	Björgvin Jóhannesson	Gerplu
1975	ekki keppt í flokknunum	
1976	Árni Gunnarsson	UMFK
1977	Ómar Ingvarsson	UMFK
1978	Brynjólfur Þórisin	Gerplu
1979	Sighvatrur Karlsson	Gerplu
1980	Þorfinnur Guðmundsson	Víking
1981	Kristján Jónasonónason	Víking
1982	Örn Franzon	KR
1983	Emil Pálsson	KR
1984	Bergur Konráðsson	Víking
1985	ekki keppt í flokknunum	
1986	Kjartan Briem	KR
1987	Bjarni Kristjánsson	UMFK

## Ársskýrsla Borðtennissambands Íslands 1993

1988	Halldór Björnsson	Víking
1989	Jón Karlsson	Örninn
1990	Guðmundur Maríusson	KR
1991	Hrafn Árnason	KR
1992	Ingólfur Ingólfsson	Víking
1993	Björn Jónsson	Víking

### 2. FLOKKUR KARLA

1979	Bjarki Harðarsson	Víking
1980	Davíð Pálsson	Örninn
1981	Gunnar Birkisson	Örninn
1982	Sigurbjörn Bragason	KR
1983	Lárus Halldórsson	Afturelding
1984	Guðmundur Halldórsson	UMSE
1985	ekki keppt í flokknum	
1986	Óskar Ólafsson	Víking
1987	Elfas Elíasson	Stjörnunni
1988	Hrafn Árnason	KR
1989	Pétur Kristjánsson	Stjarnan
1990	Ársæll Aðalsteinsson	Víking
1991	Ægir Jóhannsson	HSP
1992	Björn Jónsson	Víking
1993	Andrés Jónsson	KR

### MEISTARAFLOKKUR KVENNA

1971	Margrét Rader	KR
1972	Margrét Rader	KR
1973	Guðrún Einarsdóttir	Gerplu
1974	Sólveig S. Sveinbjörnsdóttir	Gerplu
1975	Ásta Urbancic	Örninn
1976	Ásta Urbancic	Örninn
1977	Ásta Urbancic	Örninn
1978	Ragnhildur Sigurðardóttir	UMSB
1979	Ragnhildur Sigurðardóttir	UMSB
1980	Ragnhildur Sigurðardóttir	UMSB
1981	Ragnhildur Sigurðardóttir	UMSB
1982	Ásta Urbancic	Örninn
1983	Ragnhildur Sigurðardóttir	UMSB
1984	Ásta Urbancic	Örninn
1985	Ragnhildur Sigurðardóttir	UMSB
1986	Sigrún Bjarnadóttir	UMSB
1987	Ragnhildur Sigurðardóttir	UMSB
1988	Ragnhildur Sigurðardóttir	UMSB
1989	Ragnhildur Sigurðardóttir	Stjarnan

## Ársskýrsla Borðtennissambands Íslands 1993

1990	Ragnhildur Sigurðardóttir	Stjarnan
1991	Aðalbjörg Björgvinsdóttir	Víking
1992	Aðalbjörg Björgvinsdóttir	Víking
1993	Aðalbjörg Björgvinsdóttir	Víking

### 1. FLOKKUR KVENNA

1982	Rannveig Harðardóttir	UMSB
1983	Sigrún Bjarnadóttir	UMSB
1984	Arna Sif Kærnested	Víking
1985	ekki keppt í flokknum	
